

mann í stjórnina í stað þess, er sjálfkjörinn skyldi vera, en hlutast til um að lík stofnun þeirri, er niður hefir fallið, kjósi mann í hennar stað. **5**

24. jan.

Enginn getur tekið eða átt sæti í stjórn sjóðsins nema hann sé maður lög-ráður, ráðdeildarsamur og ráðvundur.

## 3. gr.

Þeim hluta ársvaxta höfuðstólsins, sem stjórn sjóðsins árlega má ráðstafa, skal verja til að styrkja efnilegan pilt til verzlunarnáms og efnilega stúlku til húsfréjunnáms, sinn nemandann hvort árið.

Skulu afkomendur foreldra vorra að öðru jöfnu ganga fyrir styrk úr sjóðnum.

Styrkurinn er veittur af ráðstöfunarfrjálsum vöxtum undanfarins árs.

Nú sækir nemandi, sem á örðugt uppdráttar, fyrir 10. desember um styrk úr sjóðnum, og lætur umsókninni fylgja meðmæli skólustjóra síns um góðar framfarir, samvizkusemi og táp, og eftir atvikum fjárhagsvottorð kunnugs manns, og verður umsækjanda þá veittur styrkur úr sjóðnum 16. desember, pilti og stúlku á vixl, samkv. 1. mgr. greinar þessarar.

## 4. gr.

Stjórnin semur árlega reikning sjóðsins.

## 5. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins frá 15. apríl 1927 er úr gildi fallin.

Staðfestingar konungs skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum þeim, er síðar kynnu á henni að verða.

Reykjavík, 24. janúar 1933.

Lárus H. Bjarnason.      Þ. H. Bjarnason.      B. H. Bjarnason.  
Ingibjörg H. Bjarnason.      Ágúst H. Bjarnason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Hans Ellefsens hvalveiðamanns frá 1896“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 11. febrúar 1933. Skipulagsskráin er þannig: **6** 11. febr.

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens hvalveiðamanns frá 1896.

## 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabréfi Hans Ellefsens hvalveiðamanns, dagsettu 11. marz 1896, og var upprunalega upphæð hans 1500 kr. Sjóðurinn heitir: „Gjafasjóður Hans Ellefsens hvalveiðamanns frá 1896“.

6

11. febr.

2. gr.

Vextirnir skulu leggjast við höfuðstólinn, þangað til hann með vöxtum og vaxtavöxtum er orðinn 2500 kr., þann höfuðstól má ekki síðar skerða.

3. gr.

Þá er höfuðstóllinn hefir náð þeirri upphæð sem til er tekin í 2. tölulið skal ávallt leggjja  $\frac{1}{10}$  ársvaxtanna við höfuðstólinn, en hinum hluta vaxtanna skal varið til viðhalds hreppsvegum Flateyjarhrepps þannig, að þeim sé ávallt haldið í góðu standi að öllu leyti með þessum fjárstyrk ásamt því, sem hreppurinn leggur til viðhalds vegunum samkvæmt gildandi reglum.

4. gr.

Hreppsnefndin í Flateyrrarhreppi hefir á hendi stjórn gjafasjóðsins, og gerir reikningsskil fyrir sjóðnum um hvert ár; skal reikningurinn sendur sýslunefndinni í Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar og úrskurðar fyrir fyrsta marz næsta ár á eftir.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávallt ávaxta í skuldabréfum, útgefnum eða tryggðum af landssjóði Íslands, eða íslenzku bæjarfélagi eða í útlendum ríkis- eða sveitarfélagaskuldabréfum. Einnig má ávaxta höfuðstólinn í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands svo lengi sem þau njóta að minnsta kosti sömu hlunninda sem nú hjá landssjóði að því er vaxtagreiðslu snertir. Vextir þeir, sem leggjast við höfuðstólinn, skulu til bráðabirgða settir á vöxtu í tryggu sparissjóði eða banka.

Öll verðbréf sjóðsins skulu skráð á nafn gjafasjóðsins, og bera áritun stjórnarráðs Íslands um afhendingarbann.

Þessi skipulagsskrá óskast birt í Stjórnartíðindunum, og ber að útvega konungsstaðfesting á henni, og kemur hún þá í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn staðfestar 8. ágúst 1908 (Stjtíð. B. 1908, bls. 354—355).

7

2. marz

## S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Edinborg með lóðum og mannvirkjum, eign Togarafél. Ísfirðinga.
2. Norðurtanginn, lóð og bryggja, eign Hálfðans Hálfðanarsonar.